

## Einföld flauta úr grein

### ALMENNAR UPPLÝSINGAR

**Markmið:** Að kynna mismunandi trjátegundum, búa til hljóðfæri og æfa tálgutæknina.

**Námsgreinar:** Samþætting, smíði, list- og verkgreinar auk náttúrufræði.

**Aldur:** Miðstig og elsta stig (yngsta stig með töluverðri hjálp)



### VERKLÝSING

Gerð er einföld flauta úr grannri grein um leið og tálgutæknin er notuð og æfð. Börnin kynna um leið þeim trjátegundum sem flautan er unnin úr. Skoða má í leiðinni hvers konar hljóðum er hægt að ná út úr flautunni eftir því hvernig hún er gerð og hvaða fuglum hljóðin líkjast.

Ferskt efni er sótt í skóg eða kennari hefur þegar aflað þess. Nota má þurrt efni einnig. Eins til tveggja cm sverar greinar henta vel. Eins og sjá má á myndunum geta greinarnar verið greinóttar og er þá hægt að búa til fleiri en eina flautu á hverri grein með mismunandi hljóðum.

Borað er í endann, t.d. 3 cm inn, og settur trétappi í gatið sem tálgað hefur verið ofan af (blástursrauf). Síðan er rauf tekin niður í gatið og býr hún til hljóðið ásamt blástursraufinni. Eftir því sem raufarnar eru þrengri verður hljóðið herra. Gott er að prófa sig áfram með stærð blástursraufanna og smám saman stækka þær.

Hafi efnið verið ferskt má klára að gera blásturraufina ofan frá þegar greinin hefur þornað utan um trétappann í endanum. Þá má skreyta flautuna að vild með tálguhníf og brennipenna.

Fjallað um þær trjátegundir sem notaðar eru og reynt að líkja eftir þeim fuglategundum sem dvelja í skóginum og éta ber yllisins, s.s. skógarprestinum.

### UNDIRBÚNINGUR, NÁMSEFNI, TÆKI OG TÓL

Klippur, tálguhnífur, bor og trétappar. Brennipenni til skreytinga. Nota má víðitegundir, ylli og ýmsar runnategundir.